

Mýrdalshreppur  
Sveinn Pálsson  
sveitarstjóri  
Austurvegi 17  
870 VÍK

Reykjavík, 01. febrúar 2010  
2010010031/42-0  
TB  
jgo/tb

### Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025

Ágæti viðtakandi, í framhaldi af fundum um tillögu að verndarsvæði vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013 (án þess að það sé sérstaklega tilefni þessara skrifa) var Náttúrufræðistofnun Íslands bent á að tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 væri í auglýsingu og að athugasemdafrestur væri til 5. febrúar n.k.

Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um skipulagsmál. Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 er stofnuninni hins vegar ætlað að vera ráðgefandi og leiðbeinandi um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruinnga og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Í ljósi þessa hlutverks, s.s. í tengslum við lagasetningu vegna skipulags- og náttúruverndarmála, mat á umhverfisáhrifum og vegna ýmissa framkvæmda o.fl., hefur Náttúrufræðistofnun oft bent á að verulega megi bæta grundvallarþekkingu á náttúrufari áður en veigamiklar ákvarðanir eru teknar hvort sem um er að ræða stefnumarkandi ákvarðanir eða ákvarðanir á framkvæmdastigi. Náttúrufræðistofnun hefur einnig bent á að oft eru stór svæði skipulögð til ýmiskonar landnotkunar án þess að fram hafi farið greining á náttúrufari með viðurkenndum aðferðum og mikilvægi náttúrufars svæða metið á staðar-, lands- og heimsvísu. Skipulagslög segja ekki til um hve nákvæmar upplýsingar um náttúrufar skulu vera í skipulagsáætlunum og oft er það sveitarfélögum á Íslandi, litlum sem stórum, ofviða bæði fjárhagslega og faglega að leggja fram mjög ítarlegar upplýsingar um náttúrufar og styðjast þ.a.l. frekar við fyrirliggjandi upplýsingar. Á þetta einnig við um umhverfismat áætlana. Oft eru önnur ferli lätin ráða endanlegri afstöðu til einstakra mála s.s. mat á umhverfisáhrifum. Þetta vekur upp þá spurningu hvort stefnumarkandi ákvarðanir t.d. í skipulagsáætlunum séu oft teknar á óeðlilega veikum grunni og náttúran ekki lätin njóta vafans, þrátt fyrir yfirlýst markmið þar að lútandi hjá stjórnmöldum, en aðrir hagsmunir en náttúru- og umhverfisvernd metnir meiri.

Náttúrufræðistofnun sá ástæðu til að benda á framangreint efur að hafa kynnt sér tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 og beinir athygli þar fyrst og fremst að tillögu að veglagningu um Mýrdal í og við Dyrhólaós og Ósengi. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfisskýrslu Mýrdalshrepps, sem fylgir tillögu að aðalskipulagi hreppsins, þar sem m.a.



er fjallað um mismunandi tillögur að veglagningu vestan- og austanmegin við Reynisfjall. Fram kemur í skýrslunni að engar rannsóknir hafa verið gerðar hennar vegna en stuðst við fyrirliggjandi upplýsingar. Nánast engar tölulegar upplýsingar eru í skýrslunni um vistgerðir, gróður og dýralíf.

Þrátt fyrir að allar upplýsingar, sem lagðar eru fram í umhverfismatskýrslunni, bendi til þess að leið 3 og 4 hafi mest neikvæð áhrif á náttúruferir í Mýrdal er lagt til að leið 3 verði fest í skipulagi. Þessi tillaga er mest í andstöðu við öll almenn viðurkennd verndarmarkmið, sérstaklega hvað varðar votlendi og vernd líffræðilegar fjölbreytni og má þar nefna markmið náttúruverndarlaga og einstakra greina þeirra (svæðið er einnig á náttúruminjasrá), stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, þar undir vernd votlendis, en stefnumörkuninni er ætlað að uppfylla ákvæði samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (í ár er ár líffræðilegrar fjölbreytni), votlendis verndarmarkmiða í Velferð til framtíðar og verndarmarkmið samkvæmt Ramsarsamningnum. Jafnframt má benda á að Ísland hefur verið að reyna að fá endurheimt votlendis viðurkennt sem þátt í að binda kolefni í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki ástæðu til að fara nánar ofan í tillögu Mýrdalshrepps að aðalskipulagi 2009-2025 en vildi vekja athygli á framangreindu með von um að málið verði skoðað betur m.t.t. náttúruverðmæta.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

